



Til bæjarráðs

Kópavogi, 14. febrúar 2022
2202198/002.03 ÁAK

Efni: Umsögn lögfræðideildar Kópavogs um drög að samþykkt um hundahald.

Á fundi bæjarráðs þann 10. febrúar var drögum að samþykkt um hundahald í Garðabæ, Hafnarfirði, Kópavogi, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi vísað til umsagnar lögfræðideildar Kópavogsbæjar.

Bæjarfulltrúi Pírata óskaði á fundinum eftir að koma athugasemdum á framfæri sem undirrituð hefur tekið tillit til

Um 2. gr. – 6. mgr.

"Eigandi skal gæta þess að fara ekki með hund í aðstæður, s.s. fjölmennar samkomu, þar sem hundur kann að þola illa."

-Hér er bent á að orðinu „þar“ sé ofaukið og að umorða verði setninguna.

Um 8. gr. – 2. mgr.

Ef hunds er ekki vitjað innan hæfilegs tíma frá handsömun, er HEF heimilt að ráðstafa honum til nýs eiganda eða selja hann fyrir áföllnum kostnaði

- Við þessa málsgrein er sett fram sú athugasemd að heppilegra sé að skilgreina hvað telst til "hæfilegs tíma frá handsömun. Undirrituð tekur undir þessa athugasemd.

Um 8. gr. – 6. mgr.

Leiði skapgerðarmat í ljós að hundur telst hættulegur, getur HEF gert kröfu til þess að hundur sé ávallt mýldur utan heimilis eða hafi hann bitið tvisvar eða oftar eða valdið öðrum skaða, getur HEF krafist aflifunar hunds án undangengins skapgerðarmats.

- Þarna er ekki skýrt hvort aflifunin sé heimil ef hundurinn telst hættulegur eða hvað telst vera hættulegur, af fenginni reynslu myndi ég bæta við "hættulegur fólki eða hefur skaðað önnur dýr, getur HER" einnig mæli ég með punkti á eftir "utan heimilis" jafnvel mætti bæta við "og sækja námskeið í hundabjálfun" Hafa svo eftir punkt "hafi hundur bitið tvisvar eða oftar eða eigandi neitar að þjálfva hund sem talinn er hættulegur getur HER krafist aflifunar óháð niðurstöðu skapgerðarmats"
- Undirrituð getur tekið undir það álit bæjarfulltrúa að ákvæðið mætti vera skýrara og þarfnist endurskoðunar.



Um 10. gr. – 2. mgr.

Heimilt er að vera með hunda í taumi á göngustígum sveitarfélaganna, í almenninggörðum, í Heiðmörk, nema á brunnsvæðum, á hesthúsasvæðum en ávallt í fylgd eiganda eða ábyrgs aðila.

- Bent er á að skýrari framsetning sé að setja "á hesthúsasvæðum" á undan fyrir framan "Heiðmörk, nema á brunnsvæðum"

Um 10. gr. – 6. mgr.

Banað er að árásarþjálfar hunda nema í löggæsluskyni. Hafi eigandi hunds eða eftirlitsaðili (HEF) ástæðu til að ætla að hundurinn sé hættulegur, skal eigandi láta hundinn undirgangast skapgerðarmat hjá til þess bærum aðilum sbr. 10. gr. Leiði niðurstaða matsins í ljós að hundurinn telst hættulegur, skal eigandi hlutast til um aflífun hundsins.

- Hér þarf að skoða hvort þetta ákvæði sé ekki í ósamræmi við ákvæði 6. mgr. 10. gr. en þar segir að hættulegur hundur segi ganga úti mýldur en ekki aflífaður eins og segir í þessu ákvæði.

Um 11. gr.

Heimilt er að sleppa hundum lausum í þar til gerð hundagerði og á þeim svæðum sem skilgreind eru sem lausagöngusvæði af sveitarfélögunum. Þá er lausaganga heimil utan skipulagðrar íbúðarbyggðar, utan akvega, reiðstíga og skipulagðra göngustíga

- *Bæjarfulltrúi gerir eftirfarandi athugasemd: "Skipulagðra göngustíga" er mjög leiðinlegt orðalag miðað við reynslu RVK af Hólmsheiðinni, þar eru hundar heimilir lausir "utan skipulagðra göngustíga" og þetta hefur valdið miklum miskilningi um svæðið á Hólmsheiðinni - mæli með að þetta verði endurskoðað vel og td sagt skipulagðra göngustíga utan svæða sem leyfa lausagöngu.*

Um 13. gr.

Skoða þarf númeraröðun á ákvæðum en tvö ákvæði bera númerið 13.

Virðingarfyllst,

Ása A Kristjánsdóttir
Bæjarlögmaður